

Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú ? Óli.
2. Hvað ertu gamall ? 2 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ? Hulda.
 - a. Hver er það ? Mamma mín. Og Guðrún. Og pabbi minn Óli á Selfossi. Ég á tvær mömmur. Og systir mín heitir Kristín.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Hakk og spagettí.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Horfa.
 - a. Horfa á hvað ? Á Bangsimon.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Ekki neitt.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Krókódíl.
 - a. Af hverju ? Ég er það bara í sumarbústað.
 - b. Ferðu stundum í sumarbústað ? Já, ég fór einu sinni með mömmu minni.
 - c. Hvað gerðirðu í bústaðunum ? Fékk mér að borða.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Grænn og fjólublár.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Krókódíl.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Prenta út krókódílinn, og setja hann í ramma.
 - a. Ætlarðu þá að vera prentsmiður þegar þú verður stór ? Nei, íþróttáálfurinn.
 - b. Hvað gerir íþróttáálfurinn ? Sparkar löppunum upp.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Í sjóinn að veiða.
 - a. Veiða hvað ? Krókódíl!
 - b. Ha! Krókódíl ? Já, bara lítinn krókódíl. Háfurinn minn er ekki nógu stór fyrir stóran krókódíl, bara fyrir litla krókódíla.
12. Af hverju er himinn blár ? Af því að sólin er búin að mála hann bláan.

